

64. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn föstudaginn 12. desember 2008 kl.11 -12 á Kaffitári í Borgartúninu.

Mættar: María J. Gunnarsdóttir, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reykr Kristjánsson,

Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir og Helga Tuliníus

Ferðin til Úganda

Ingibjörg Guðlaugsdóttir, María Gunnarsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir sögðu frá heimsókn sinni til Úganda. Starfsfólk og stúlkurnar í CLF tóku á móti þeim stöllum bæði með söng og dansi.

Ánægjulegt og lærdómsríkt var að heimsækja CLF og komast í nánari tengsl við starfsfólkið, stúlkurnar og starfsemina í heild sinni. Margt gott er hægt að segja um starfsemina og virtust stúlkurnar allar sem ein ánægðar með dvöl sína þarna. Heilmikil starfsemi var þarna í gangi, en um 40 stúlkur voru í ýmsu verklegu námi yfir 6 mánaða tímabil að læra tölvu-, hárgreiðslu-, sauma- og bastgerð sem er styrkt af ICEIDA í Úganda. Einnig störfuðu nokkrar stúlkur eða ungar konur við kerta- og sápuagerð. CLF liggur svolítið langt frá heimilum þeirra, en þær búa yfirleitt í fátækari hverfum borgarinnar. Margar þeirra þurfa því að ferðast langa leið til að komast til CLF. Tæplega 30 stúlkur gengu til viðbótar í ýmsa grunn- og framhaldsskóla í Kampala, en þær eru allar styrktar til náms af Alnæmisbörnum.

Gáfu þær Ingibjörg, María og Sigurlaug starfsfólkinu og stúlkunum í CLF við komu þeirra þangað íþróttatösku fulla af notuðum barnafötum sem félagsmenn Alnæmisbarna höfðu gefið. Var mikil ánægja með það og fengu stúlkurnar sem áttu börn að velja sér klæði, síðan var ákveðið að geyma hluta þeirra handa börnunum sem kæmu ný eftir áramótin.

Einhverjir fjárhagslegir erfiðleikar virtist vera við rekstur starfseminnar, þar sem það kom fram í viðtölum við starfsfólk CLF að einhverjar þeirra höfðu ekki fengið greidd laun í nokkra mánuði.

Rafmagnið var einnig tekið af í meir en vikutíma á meðan við vorum þarna vegna greiðsluerfiðleika og svo sprakk skólpleiðslan og stúlkurnar voru sendar heim í um 2 daga á meðan gert var við hana.

Við sátum fund með ICEIDA í Kampala þar sem fram kom mikil óvissa með framtíðarfjárveitingu þeirra til CLF vegna fjárhagsþrenginganna að undanförunu í íslensku efnahagslífi. Á stjórnarfundum CLF sem haldin var á meðan á dvöl þeirra Ingibjargar, Maríu og Sigurlaugar stóð í Kampala, var stjórnarmeðlimum tjáð um fjárhagserfiðleikana í hinu íslenska samfélagi sem hafa nú þegar haft neikvæð áhrif á fjárlög Alnæmisbarna fyrir næsta ár.

Á þessu ári hafa öll útgjöld Alnæmisbarna við CLF verið greidd nema síðasta greiðslan fyrir barnapössunina. Gera má ráð fyrir því að Zontaklúbburinn Embla bæti úr því fljótlega, enda barnapössunin í CLF í fínum höndum ungrar konu.

Eitt af niðurstöðum stjórnarfundar Alnæmisbarna í dag var að láta Rosette, forstöðukonu CLF, strax vita af því hvers væri að vænta varðandi styrki frá Alnæmisbörnum á næsta ári. Það auðveldar henni og CLF að skipuleggja og aðlaga starfsemina lækkandi styrkveitingum. Við vorum sammála því að Alnæmisbörn greiddi áfram skólagjöld stúlkanna á næsta ári sem er um kr. 700.000,- á ári. Eins og væri sæum við okkur aftur á móti ekki fært að greiða fyrir húsaleiguna eins og við höfum gert síðastliðin 2-3 ár, en húsaleigan er álíka há upphæð og skólagjöldin. Smálánasjóðurinn þarf aftur á móti lítið sem ekkert viðbótarfjármagn þar sem hann á að vera nokkuð sjálfbær. Stundum hafa lánasjóðsgreiðslurnar verið greiddar til nánustu aðstandenda stúlkanna sem styðja síðan stúlkurnar við hina nýju starfsemi. Skipulag smálánasjóðsins er í öruggum höndum Lillian sem er meðstjórnandi á CLF og hefur unnið þar í nokkur ár. Kanna á hvort hægt sé að fá fleiri styktarmeðlimi hér á landi og hvort félagsmenn séu e.t.v. tilbúnir til að greiða hærri upphæð en þeir hingað til hafa gert.

Farið var í gegnum tillögu að samkomulagi Alnæmisbarna og CLF um starfsemi CLF (memorandum) á stjórnarfundum CLF að sunnudagsmorgninum 30. nóv. kl. 8:30. Var tillagan að samkomulaginu samþykkt í þeirri mynd sem Alnæmisbörn höfðu skráð hana á blað. Ákveðið var að Alnæmisbörn sendi CLF nýtt skriflegt samkomulag þar sem bæði undirskriftir Alnæmisbarna og CLF væru fyrir hendi. Ingibjörg ætlar að sjá um að koma hinu skriflega samkomulagi til CLF með minniháttar breytingum. Einnig var ákveðið á stjórnarfundum CLF að breytingar í starfsmannamálum og erfiðleikar í slíkum samskiptum ætti að taka upp á stjórnarfundum CLF í framtíðinni. Funda þyrfti oftast í stjórn CLF en gert hefði verið.

Nokkra þætti í starfsemi CLF mætti færa til betri vegar þótt það geti reynst erfitt í einhverjum tilvikum. Eitt var þeim var aðstaða þeirra til að búa til mat, ekki virtist mikið mega út af bregða til þess að slys gætu skapast.

Ekki hafa reikningar CLF verið endurskoðaðir af löggiltum aðila, haldi Alnæmisbörn því til streitu að það sé nauðsynlegt, verða þeir að greiða þann kostnað sjálf.

CLF voru áður með leyfi sem fullgild frjáls félagasamtök (með gilt NGO), en leyfi þess efnis rann út um mitt árið 2007. Slíkt leyfi er venjulega gefið til þriggja ára. Rosette er búin að sækja um að nýju, sem er gott og vel, en slík umsókn getur tekið langan tíma í kerfinu.

Ýmiss persónuleg tengsl forstöðukonunnar við starfs- og stjórnarmenn CLF komu á óvart en systir Rosette er tölvukennari staðarins og Rosette og formaður stjórnar CLF giftu sig í haust.

Hægt er að spyrja sig hvað kerta- og sápugetið er barnvæn starfsemi, enda eru það mest ungar konur sem sjá um þá vinnu í dag. Í raun er það sú starfsemi sem er arðvænust og gefur CLF um 20-30 tekna sinna. Spurning hvort ætti að skipuleggja og markaðssetja þá starfsemi enn frekar. Einnig mætti athuga hvað körfu- og hálsfestagerið sé stelpunum arðbær eftir að námi þeirra lýkur.

Búast má við því að CLF fari í naflaskoðun áður en kemur að því að velja inn nýjar stelpur fyrir fyrri helming næsta árs. Huga þarf að nýjum markaðssetningartækifærum, hverjar áherslurnar ættu að vera og mikilvægasta starfsemin, því gera má ráð fyrir að ekki verði fjármagn til að halda áfram óbreyttri starfsemi. Huga þarf að því hvort rétt sé að selja lóðina sem Alnæmisbörn styrktu CLF til að kaupa undir nýtt hús en ekkert varð úr. Mögulega má nota þann ágóða sem af því hlýst fyrir rekstur og starfsemi CLF.

Alnæmisbörn setja sem kröfu að fá reglulega sendar ársskýrslur um starfsemi CLF, fá senda fullgildingu CLF sem NGO þegar þar kemur og fá skýrslur um gengi stúlkanna í grunn- og framhaldsskólunum sem við styrkjum til náms.

Ingibjörg, María og Sigurlaug voru mjög ánægðar með heimsókn sína til Rackoko í Pader-héraði í Norður – Úganda, en þær fóru þangað í fylgd Francis Odida, skólastjóra. Í Rackoko rekur ABC-barnahjálpi grunn- og framhaldsskóla, dagheimili, heilsugæslustöð og útvarpsstöð. Þarna voru einnig 50 stúlkur sem hafði verið rænt í kynlífs- og hernaðaránaud af skæruliðum, en þær voru búnar að vera undir verndarvæng ABC í eitt ár. Alnæmisbörn sendu styrk til byggingu dagheimilis fyrir börn þessarar stúlkna sem voru teknar voru af skæruliðunum.

Var vel tekið á móti þeim Ingibjörgu, Maríu og Sigurlaugu bæði af starfsfólki staðarins, nemendum skólans og stúlkunum sem sungu og dönsuðu þeim til heiðurs. Virtust súlkurnar búnar að ná sér ótrúlega vel eftir allar þær hörmungar sem þær voru búnar að ganga í gegnum. Styrkur Alnæmisbarna hafði ekki eingöngu farið til byggingu dagheimilis fyrir börn þessarar stúlkna, sem nú var fokelt, heldur líka í ýmis önnur aðkallandi byggingarverkefni á staðnum. Brýnustu verkefni sem liggja fyrir hjá þeim núna er bygging nýrrar heimavistar fyrir strákana í framhaldsskólanum, klára dagheimilið og búa til stærra ræktunarsvæði fyrir mat. Einnig var draumur Francis Odida að geta byggt þarna háskóla í framtíðinni.

Kerta- og kökusala í Kringlunni

Kerta- og kökusalann í Kringlunni rétt fyrir mánaðarmótin nóv./des.gekk vel. Nánast allar kökurnar seldust upp, einnig fullt af kertum. Ágóðinn varð því kr. 96.000,-. Hann fer til styrktar dagheimilinu í Paderhéraði í Norður- Úganda.

Önnur mál

Ákveðið að senda félagsmönnum bréf og gera greinargerð um ferðalagið til Úganda.

Næsti fundur verður á nýju ári.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar